



Dagskrá

Fyrri upphafstónleikar: Fagurt syngur svanurinn

Fimmtudagur 1. ágúst kl. 20:00 í Ólafsfjarðarkirkju

Spilmenn Ríkínís

Marta Guðrún Halldórsdóttir

Örn Magnússon

Halldór Bjarki Arnarson

Ásta Sigríður Arnardóttir

Örn Magnússon og Marta Guðrún Halldórsdóttir stofnuðu til tónlistahátíðarinnar Berjadagar í ágúst 1999 þegar Ásta dóttir þeirra var á fyrsta ári og Halldór Bjarki sjö ára og stóðu þau að hátíðinni til 2009. Nú snúa þau aftur, öll fjölskyldan, sem Spilmenn Ríkínís og kenna sig við fyrsta tónlistarkennarann sem sögur fara af á Íslandi og kenndi við Hólaskóla á 12. öld.

Ómpýða og lágstemmd fegurð er lýsandi fyrir flutning Spilmanna á íslenskum þjóðlögum sem þau Örn og Marta hafa tileinkað vinnu sína undanfarin ár. Saman hafa þau haft veg og vanda að því að kynna af krafti íslenskan tónlistararf og gömul hljóðfæri og með því stuðlað að vakningu á þjóðararfinum.

Á efnsskrá Spilmanna verður tónlist úr þjóðlagaarfinum sem tengist sumri og gróanda. Sungið verður fornt danskvæði, kveðnar verða formannavísur úr Ólafsfirði frá 1916 og flutt tónlist og kveðskapur sem tengist byggðarlaginu og nærsveitum þess. Við flutninginn leika þau á hljóðfæri sem til voru í sveitum landsins á öldum áður; svo sem langspil, gígjur, hörpu, symfón og gemsuhorn.

Hvort tónlist Spilmanna hljómar eins og hún gerði fyrr á öldum er alls óvíst, en sá hljómur sem verður til þegar sungið er og leikið á þessi gömlu hljóðfæri kveikir tilfinningu í brjóstinu, rétt eins og sofinn strengur sé sleginn að nýju, líkt því að við göngum til móts við veruleika sem alltaf hefur búið með okkur en við þekktum þó ekki.

Baðstofustemning Spilmanna Ríkínís einkennir fyrri hluta kvöldsins og eftir tónleikana geta gestir komið sér fyrir í Tjarnarborg þar sem brasilísk hljómsveit stígur á svið kl. 22:00 til að skemmta Ólafsfirðingum og gestum hátíðarinnar við opinn bar.

Stakur aðgöngumiði: 3.000 kr. / Aðgöngumiði á báða upphafstónleika: 4.000 kr.

Hátíðarpassi: 8.500 kr

Frítt fyrir börn og unglunga 18 ára og yngri

Seinni upphafstónleikar: Brasilískt!

Fimmtudagur 1. ágúst kl. 22:00 í Menningarhúsinu Tjarnarborg

Brasilísk hljómsveit Berjadaga

Femke Smit

Rodrigo Lopes

Rodrigo Guito Thomas

Stefán Daði Ingólfsson

Brasilísk tónlist skartar ríkri flóru laglína, hljóma og takttegunda, og getur ýmist verið dularfull, melankólísk eða eldfjörug. Rodrigo Lopes og Rodrigo Guito Thomas eru nafnar sem búa í Ólafsfirði og koma reglulega fram sem fulltrúar brasilískrar tónlistar. Hollenska söngkonan Femke Smit kemur til Íslands til að syngja með þeim félagum en hún hefur sérhæft sig í brasilískri tónlist. Hljómsveit þeirra kemur saman í fyrsta sinn á Berjadögum og slæst hinn alkunni Stefán Daði Ingólfsson bassaleikari í hópinn. Saman munu þau fjögur leika brasilíska tónlist frá ýmsum tímum, ferðast frá Norður-Brasilíu til suðurs og flytja verk listamanna eins og Paulinho da viola, Cavaquinho, Baden Powell, Bosco, Djavan, Gonzaguinha, Gilberto Gil, Veloso og Tom Jobim. Allir hafa þessir tónlistarmenn lagt mikið af mörkum til brasilískrar tónlistar, hvort sem hún heitir samba, bossa nova eða brasilísk dægurtónlist.

Gestir mega búast við frábærri hátíð þar sem fara saman ólíkar stefnur í tónlist í flutningi fremstu listamanna landsins í bland við hina erlendu listamenn. Þetta fimmtudagskvöld slær tóninn að magnaðri dagskrá Berjadaga 2019. Brasilíska tónlistin í Tjarnarborg kallast á við íslensku tónlistina í meðförum Spilmanna Ríkínís í Ólafsfjarðarkirkju fyrr um kvöldið.

Stakur aðgöngumiði: 3.000 kr. / Aðgöngumiði á báða upphafstónleika: 4.000 kr.

Hátíðarpassi: 8.500 kr

Frítt fyrir börn og unglunga 18 ára og yngri

Hátíðarkvöld í kirkjunni

Föstudagur 2. ágúst kl. 20:00 í Ólafsfjarðarkirkju

Á hátíðarkvöldi spretta tónlistaratriðin fram hvert af öðru í hinni margrómuðu Ólafsfjarðarkirkju og á boðstólum verður spennandi efnisskrá eins og hún gerist best á Berjadögum. Fögnuður áheyrenda síðastliðið sumar er enn í minnum hafður og tilhlökkunin engu minni í ár. Elmar Gilbertsson tenórsöngvari syngur þetta kvöld og Hanna Þóra Guðbrandsdóttir en hún er Ólafsfirðingum að góðu kunn. „Myndir á þili“ eftir Jón Nordal hljómar í flutningi Ólafar Sigursveinsdóttur sellóleikara og fiðluleikarinn Páll Palomares leikur rúmenska dansa eftir Bartók en listræn atburðarás kvöldsins er í höndum Ólafar. Tónskáld á borð við Báru Grímsdóttur, Þórunni Guðmundsdóttur, Johann Sebastian Bach, Sigursvein D. Kristinsson og Atla Heimi Sveinsson setja einnig mark sitt á efnisskrána sem á köflum mun einkennast af kátínu.

Flytjendur á tónleikunum eru David Bollen, Elmar Gilbertsson, Hanna Þóra Guðbrandsdóttir, Jón Þorsteinsson, Ágúst Ólafsson, Elfa Dröfn Stefánsdóttir, Ólöf Sigursveinsdóttir, Páll Palomares og Hugi Jónsson.

Stakur aðgöngumiði: 3.500 kr. / Báðir kvöldtónleikar: 4.000 kr

Hátíðarpassi: 8.500 kr.

Frítt fyrir börn og unglinga 18 ára og yngri

Miðnæturtonleikar: Hundur í óskilum

Föstudagur 2. ágúst kl. 22:30 í Ólafsfjarðarkirkju

Hjörleifur Hjartarson

Eiríkur Stephensen

Eftir að hátíðartónleikum lýkur keyra þeir félagar Hjörleifur og Eiríkur upp fjörið í hliðarsal kirkjunnar. Gamla safnaðarheimilið gegnt kirkjunni, sem í dag er fagurlega innréttað heimili, verður opið gestum og gangandi eftir tónleikana. Þar verður hægt að njóta það sem eftir lifir nætur með listamönnum Berjadaga. Góða skemmtun!

Stakur aðgöngumiði: 1.500 kr. / Báðir kvöldtónleikar: 4.000 kr

Hátíðarpassi: 8.500 kr.

Frítt fyrir börn og unglinga 18 ára og yngri

Krákan situr á steini

Komdu að syngja og dansa við norræn þjóðlög!

Laugardagur 3. ágúst kl. 10:30-11:30 í Ólafsfjarðarkirkju

Tónlistarsamverustund fyrir börn, unglinga, foreldra, afar og ömmur á öllum aldri með fiðlu- og tónmenntakennaranum Diljá Sigursveinsdóttur.

Allir velkomnir!

Frá Kleifum inn í Árdal

Laugardagur 3. ágúst kl. 12:00 -14:00

Ólafsfirðingurinn María Bjarney Leifsdóttir leiðir gesti inn í leyndardóma hinnar töfrandi flóru landsins. Létt ganga upp grösugan Árdalinn eftir kindagötu. Á leiðinni leynast sveppir og fjallagrös.

Allir velkomnir!

Dvalarheimilið Hornbrekka

Laugardagur 3. ágúst kl. 15:30

Venju samkvæmt flytja listamenn úrval af dagskrá Berjadaga. Sópransöngkonan Hanna Þóra Guðbrandsdóttir heimsækir Hornbrekku að þessu sinni.

Allir velkomnir!

Ítalskt og rússneskt kvöld!

Laugardagur 3. ágúst kl. 20:00 í Menningarhúsinu Tjarnarborg

Nú er komið að uppfærslu á óperu í Menningarhúsinu Tjarnarborg! Einvalalið íslenskra söngvara flytur fyrsta þátt La Traviata eftir Giuseppe Verdi. Óperan verður flutt í sviðsuppfærslu undir styrki stjórn hollenska píanóleikarans David Bollen sem situr við flygilinn. Með aðalhlutverk fara Sigrún Pálmadóttir, Elmar Gilbertsson, Jón Þorsteinsson og Ágúst Ólafsson og ásamt þeim kemur fram glæsilegur einsöngvarakór. Óperuflutningurinn tekur um 25 mínútur og seinni hluti kvöldsins helgast af rússneskum og ítölskum galsa. Þegar galsinn færast í aukana getur ýmislegt óvænt gerst og einsöngvarar á borð við hina rússneskættuðu Nathalíu Druzin Halldórsdóttur stíga á svið.

Einsöngvaralið og óperukór Berjadaga skipa Ágúst Ólafsson, Björg Jóhannesdóttir, Diljá Sigursveinsdóttir, Edda Björk Jónsdóttir, Elfa Dröfn Stefánsdóttir, Elmar Gilbertsson, Guðrún Ösp Sævarsdóttir, Halla Ólög Jónsdóttir, Hanna Þóra Guðbrandsdóttir, Hugi Jónsson, Ingrid Nugteren, Jana Salóme Ingibjargardóttir, Jón Þorsteinsson, Lilja Gísladóttir, Nathalia Druzin Halldórsdóttir, Ólafur Rúnarsson, Sigrún Pálmadóttir, Tómas Haarde, Þóra Björnsdóttir og Örvar Már Kristinsson.

Stakur aðgöngumiði: 4.000 kr. / Hátíðarpassi: 8.500 kr.

Berjamessa

Sunnudagur 4. ágúst kl. 11:00 í Ólafsfjarðarkirkju

Listamenn af Berjadögum koma fram.

„Hátíðarbrunch” með Femke Smit og félögum

Sunnudagur 4. ágúst kl. 10-13 á Kaffi Klöru

Jazz og morgunmatur á Kaffi Klöru og Berjadögum lýkur með glans!

Allir velkomnir!

